

Hafnarfirði 28. nóvember 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er síðasta vika í kennslu hafin. **Síðasti kennsludagur er miðvikudagurinn 30. nóvember** og er hann hugsaður sem námsversdagur þar sem nemendur geta komið í stofur og hitt kennara og fengið aðstoð við að undirbúa lokapróf og/eða skila lokaverkefnum, sjá skipulag [hér](#). **Fimmtudagurinn 1. desember er upplestrardagur fyrir nemendur** og því fellur öll kennsla niður. Síðan hefjast próf samkvæmt próftöflu **föstudaginn 2. desember**. Fyrsta prófið er í sögu klukkan 08:30, næst er það ályktunartölfræði. Mánudaginn 5. desember er stærðfræði í báðum próftímum, lokapróf í sálfræði fer fram á þriðjudeginum ásamt líffræði og svo koll af kolli.

Lokaprófum lýkur **þriðjudaginn 13. desember** en þá fara síðustu forfallaprófin fram. Einkunnir verða birtar í lok dags þann 14. desember og **prófsýning fer fram miðvikudaginn 15. desember kl. 11:00 – 12:30**. Við munum auglýsa þessar dagsetningar vel þegar nær dregur en allar upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans. Þar á meðal próftöflu, reglur í prófum og fleira. Þá er vert að vekja athygli á því að ef færa þarf próf **vegna veikinda á próftíma** þá minnum við á mikilvægi þess að láta **skrifstofu skólans vita sem fyrst á prófdegi**.

Að lokum minnum við á að lokadagur til að **skila inn vottorðum vegna veikinda er 6. desember**.

Gangi ykkur vel á þessum síðustu dögum kennslunnar!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594

